

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Próflað 2 af 3

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Ágrip úr réttarhari (25%) ATH. Prófið er þrískipt: Sjá sérstök próflöð vegna, Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ábyrgðir (25%)		
Prófdagur:	31. október	Kl.:	0900-1300
Úrlausnartími:	4 klst.	Próflöð:	2 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Ágrip úr réttarfari (25%)

1. Ritgerð (15,0%)

Lýsið í stuttu máli til hvaða úrræða geti þurft að grípa að íslenskum rétti í tengslum við innheimtu fjárkröfu, þ.e. ef skuldari neitar að greiða, þ.m.t. dómstólameðferðinni og fullnustu dóms í kjölfarið.

2. Fullyrðingar (10,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga.

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar fullyrðingar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Lesið fullyrðingarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Við gjaldfellingu lánskuldbindingar stofnast almennt veðréttur (tryggingaréttur) í eignum skuldara.

- Rétt
 Rangt

2. Hægt er að óska álits dómstóla á lögfræðilegum álitaefnum, en aðeins að því gefnu að þau verði talin varða við almannahagsmuni.

- Rétt
 Rangt

3. Við mat á sönnun er dómari bundinn af fyrirfram settum reglum og sjónarmiðum.

- Rétt
 Rangt

4. SK skuldar 5,0 mkr og er skuldin fallin í gjalddaga. Eignir SK eru metnar á 4,0 mkr, en þær eru fyrst og fremst í formi fasteigna. SK hefur ekki tekist að koma þessum fasteignum í verð. Er óhjákvæmilegt að lögum að taka bú SK til gjaldþrotaskipta?

- Rétt
 Rangt